



Góð aðsókn var að greiningardegi Þjóðminjasafnsins í gær. Kennði þar margvíslegra grasa sem endranær. Tóku sérfræðingar Þjóðminjasafnsins að sér að greina gripi fólks sem kom á staðinn út frá aldri, efni, uppruna og öðrum atriðum. Meðal þess sem rataði inn á safnið í gær var tyrknesk mynt frá sextánda öld sem einn gestanna átti í förum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Boðað varaflugvallagjald sagt ólöglegt

Drög að samgönguáætlun sem liggja fyrir Alþingi eru harðlega gagnrýnd. Forstjóri Icelandair segir áform um varaflugvallagjöld ólögleg og varhugaverð og brjóta gegn EES-samningi. Isavia lýsir áhyggjum af samblöndun byggðastefnu og reksturs Keflavíkurflugvallar.

**FLUGMÁL** Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, gagnrýnir harðlega áform í drögum að samgönguáætlun næstu fimm títán ára um „hóflegt þjónustugjald“ sem renna eigi til uppbyggingar á innviðum varaflugvallar.

„Icelandair Group telur þau áform sem þarna er lýst mjög varhugaverð og mótmælir harðlega að lagt verði varaflugvallagjald á flugrekendur sem virðast þá bæði eiga að fjármagna þá nauðsynlegu

uppbyggingu sem þarf að fara í til þess að tryggja að varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll uppfylli þær öryggiskröfur sem nauðsynlegar eru fyrir slíka flugvelli sem og rekstur annarra alþjóðaflugvallar en Keflavíkurflugvallar,“ segir í umsögn forstjóra Icelandair til Alþingis.

Segir Bogi varaflugvallagjald ólöglegt og hvorki samrýmt EES-samningnum né leiðbeiningarreglum Alþjóðaflugmálastofnunar.

Visar hann til þess að slíkt gjald hafi áður verið lagt á en afnumið eftir athugasemdir frá ESA því það hafi brotið í bága við EES-samninginn.

„Ekki fæst betur séð en að tillaga sú er kemur fram í drögum að samgönguáætlun sé algjörlega hliðstæð þeirri gjaldtöku sem ESA hefur áður talið fara í bága við EES-samninginn,“ segir Bogi sem kveður gjaldið mundu skaða samkeppnishæfni Icelandair og annarra íslenskra flugrekenda á markaðnum fyrir flug

milli Evrópu og Norður-Ameríku.

Enn fremur segir Bogi að ekki sé rétt að blanda saman því sem tengist uppbyggingu vegna varaflugvallarhlutverks fyrir alþjóðaflug annars vegar og hins vegar uppbyggingu flugstöðvar á Egilsstöðum og innviða tengdum ferðaþjónustu.

„Annað þeirra er flugöryggislegt verkefni fyrir Keflavíkurflugvöll og hitt er byggðapróunarverkefni sem er alls ótengt flugi um Keflavíkurflugvöll,“ segir í umsögn Boga.

Tekið er í svipaðan streng í umsögn frá Karli Alvarssyni, lögmanni Isavia, fyrir hönd félagsins.

„Isavia lýsir áhyggjum af því með hvaða hætti drögin að flugstefnunni gera ekki greinarmun á almenningssamgöngum sem ætlað er að styrkja byggðir landsins og fjármögnun þeirra annars vegar og reksturs Keflavíkurflugvallar sem rekinn er á sjálfbæran hátt í miklu samkeppnisumhverfi hins vegar.“

– gar

### Löng frí hafi neikvæð áhrif

**MENNTAMÁL** Samtök Atvinnulífsins segja erlendar rannsóknir sýna að löng sumarfrí eins og tíðkast í grunnskólum landsins hafi slæm áhrif á námsárangur grunnskólabarna. Einkum eigi það við um börn fátækra og innflytjenda. Samtökin kynna í dag á fundi 30 tillögur sem

varða úrbætur í menntakerfinu, til dæmis á leikskóla-, grunnskóla- og háskólastigi. – jþ / sjá síðu 4



### Sækir skólann í báðum heimum

**LÍFIÐ** Björn Ingi Baldvinsson stundar Menntaskólann við Hamrahlíð bæði í raunheimum og sýndarveruleika því hann hefur reist nákvæma eftirmynd skólans í tölvuleiknum Minecraft.

„Öllum fannst þetta ótrúlega flott og nemendafélagið bað meira að segja um eintak af heiminum á USB-lykli til varðveislu í skjalasafni félagsins,“ segir Björn Ingi sem er nítján ára og á fjórða ári á félagsfræðibraut við MH. – jþ / sjá síðu 18



AUSTURBÆR  
VIÐBURÐAHÚS  
FUNDIR, VEISLUR  
TÓNLEIKAR & FL.  
**3 SALIR**  
50 - 1.000 GESTIR

518 4000 / info@tales.is

HREKKJAVAKA!

Finndu okkur á f i

PARTÝBÚÐIN


Faxafeni 11 • Sími 534 0534

nettó

FERSKUR FISKUR  
í verslunum Nettó

HAFÍÐ  
FISKVERSLUN

## Veður



A 3-10 m/s, en 10-18 m/s með suðurströndinni. Víða bjart veður. Hiti 0 til 5 stig að deginum. Breytileg átt, 3-8 m/s á morgun, og rigning eða slydda á S- og V-landi, en snjókoma til fjalla. **SJÁ SÍÐU 14**



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Samlíking óviðeigandi

**SAMFÉLAG** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra baðst í gær afsökunar á því að hafa notað kynferðislega samlíkingu við hóp háskólanema sem heimsóttu ráðuneyti hans fyrir nokkrum dögum.

Alexandra Ýr van Erven, einn háskólanemanna í ráðuneytinu umrætt sinn, skrifaði um málið á Twitter í gær.

„Í spjalli við nemanda greip ég til samlíkingar sem eftir á að hyggja var ekki viðeigandi. Hún var á þá leið að stjórn málafræði og reynsla af störfum á vettvangi stjórnmalanna væru á einhvern hátt sambærileg reynslu og bóknámi í kynfræðslu,“ segir Guðlaugur í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í kjölfar þess að Fréttablaðið bar málið undir hann.

„Ég frábið mér þær ásakanir sem settar hafa verið fram á samfélagsmiðlum um orðbragð og ásetning sem mér er gerður þar upp,“ segir ráðherrann hins vegar og á þar við hvernig Alexandra Ýr lýsti orðum hans við nefnt tækifæri. Hafa aðrir sem voru viðstaddir einnig sagt að Alexandra Ýr hafi ekki haft orðrétt eftir ráðherranum.

Hún segir hins vegar að það sé ekki kjarni málsins.

„Hann átti ekkert að vera að tala um kynlíf yfirhöfuð. Framsetning Guðlaugs var augljóslega smækkandi fyrir mig og gerð til að slá sjálfum sér á brjóst. Ráðherra sýnir gríðarlegt dómgreindarleysi,“ segir Alexandra. – kdl, fbl

## Lurkum lamdir skraflarar



„Við erum öll lurkum lamin og munum þurfa að lágmarki þrjár vikur til að jafna okkur,“ sagði í gær á Facebook-síðu Skraflfélags Íslands eftir að fjölmennasta Íslandsmótinu í skrafli lauk í gær. „Íslandsmeistari í skrafli í þriðja sinn er Gísli Ásgeirsson – sem hefði mögulega getað tapað ef Hildur Lilliendahl hefði unnið hann í lokaleiknum með rosalega miklum mun – en það gerðist sannarlega ekki,“ sagði á síðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kaupir hlutafé í Alvotech

**VIDSKIPTI** Fjárfestingafélagið Yas Holding hefur gert samkomulag við Alvotech um kaup á nýju hlutafé og samstarfssamning um þróun, framleiðslu og sölu líftæknilýfja. Virði samkomulagsins er um 5,3 milljarðar króna (45 milljónir Bandaríkjadala) og felur í sér að Yas fái markaðsleyfi fyrir þrjú líftæknilýf sem eru í þróun hjá Alvotech og verða markaðssett á næstu árum. YAS verður jafnframt eigandi að 2,5% hlut í fyrirtækinu. YAS Holding er alþjóðlegur fjárfestingasjóður með höfuðstöðvar í Abú Dabí og bætist nú í hóp hluthafa Alvotech. Núverandi fjárfestingar YAS nema um 87 milljörðum króna, tekjur fyrirtækisins eru um 250 milljarðar króna á ári og þar starfa um 5.000 starfsmenn. Fyrirtækið mun markaðssetja líf Alvotech í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku með samstarfsfyrirtækjum sínum. – hae

# Ráðgjafa vikið fyrir meintan dónaskap

Einum eigenda ráðgjafafyrirtækisins Attentus var gert að hætta störfum fyrir Vinnueftirlitið eftir meintan dónaskap í garð starfsmanna sem sendu kvörtunarbréf til félagsmálaráðherra. Annar úr eigendahópi Attentus tók síðar við.

**STJÓRNSÝSLA** Mikil ólga hefur ríkt meðal starfsmanna Vinnueftirlitsins undanfarnin misseri. Starfsandi er lélegur og mikill samskiptavandi milli stjórnenda og almennra starfsmanna.

Starfsmannavelta hefur verið mikil á árinu og eins og greint var frá í helgarblaði Fréttablaðsins leiddi nýleg könnun meðal starfsmanna í ljós að fjórði hver starfsmaður taldi sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustaðnum.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, sem tók við forstjórastöðu stofnunarinnar fyrir tæpu ári, sagði að niðurstöður könnunarinnar væru litnar mjög alvarlegum augum og að fyrirtækið hefði gripið til ýmissa aðgerða til þess að laga ástandið.

Meðal annars var útbúin ný viðbragðsáætlun þegar starfsmenn tilkynntu um möguleg eineltis-tilvik og gerður var samningur við sálfræðistofu sem starfsmenn geta leitað til. Þá var skipulögð sérstök samskiptastofa til þess að bæta samskipti innan stofnunarinnar og nýrri mannaútsætlun ýtt úr vör.

Vinnueftirlitið hefur keypt þjónustu frá ráðgjafafyrirtækinu Attentus varðandi mannaútsálmál stofnunarinnar. Einn eigenda Attentus sinnti verkefninu í byrjun árs en var gert að hverfa frá störfum fyrir meintan dónaskap í garð starfsmanna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nefndi trúnaðarmaður við nefndan fulltrúa Attentus að margir starfsmenn vinnuvéladeildar stofnunarinnar íhuguðu að hætta störfum vegna óánægju með laun og ekki síður starfsanda innan eftirlitsins. Á hann að hafa svarað þessum



Vinnueftirlitið fylgist með umhverfi vinnandi fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Heimildir Fréttablaðsins herma að starfsmönnum sem skrifuðu bréfið hafi verið skipað að draga það til baka og hóttað málsókn ef ekki yrði orðið við því. Starfsmennirnir hafi þó staðið á sínu.

áhyggjum trúnaðarmanns á þá leið að hann hefði engar áhyggjur af að missa starfsmennina því að þeir myndu aldrei fá vinnu annars staðar. Þegar ummælin spurðust út féllu þau í grýttan jarðveg meðal starfsmanna Vinnueftirlitsins.

Í kjölfarið skrifuðu fulltrúar starfsmanna hjá tveimur stéttarfélagum, Sameyki og BHM, undir bréf þar sem þeir kröfðust þess að viðkomandi viki frá störfum vegna samskiptanna. Bréfið var sent á Ásmund Einar Daðason félagsmálaráðherra en að auki var það sent á Hönnu Sigríði forstjóra, Attentus og stéttarfélagin.

Heimildir Fréttablaðsins herma að starfsmönnum sem skrifuðu bréfið hafi verið skipað að draga það til baka og hóttað málsókn ef ekki yrði orðið við því. Starfsmennirnir hafi þó staðið á sínu. Afleiðingarnar urðu þær að eigandinn fyrrnefndi sagði sig frá verkefninu og nýr ráðgjafi frá Attentus tók við verkefninu. [bjornth@frettabladid.is](mailto:bjornth@frettabladid.is)

## Er jeppinn rafmagnslaus?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI**

**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Við skulum BYRJA Á ÞVÍ AÐ SMYRJA

Ökum af stað út í veturinn, vel smurð og sæl.

Sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi, dagana 4.–15. nóvember.




UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, ljósaperum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og vinnusölu.\*

## Engin vandamál – bara lausnir.

1	Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

\*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.





## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1** Steinunn Ólína sigurvegari í „keppni um að niðurlægja fólk án dóms og laga“ Tæplega hundrað konur bregðast við pistli Steinunnar Ólínur.

**2** Sauð uppúr rétt fyrir frumsýningu íslenska dansflokksins í Hong Kong Litlu mátti muna að sýningin yrði felld niður vegna mótmæla í borginni.

**3** Saumaklúbbur Guðrúnar hafinn á Arnarhóli Guðrún sló í gegn þegar hún bauð óvart hundrað þúsund manns í saumaklúbbinn sinn.

**4** Ekki hægt að setja þetta á herðar barns Foreldrar polanda brota Þorsteins Halldórs-sonar lýsa baráttu fyrir velferð sonar síns.

**5** Hætti sem krabbameinslæknir vegna óánægju með Landspítalann Lét af störfum vegna úrræðaleysis sem hann segir ríkja á spítalanum.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)



Á Klaustri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sameining rædd á Suðurlandi

**SVEITARFÉLÖG** Tillaga oddvita Skaftárhrepps um að hafnar verði viðræður um kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna Áshrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps var samþykkt í sveitarstjórn.

„Í erindi oddvita Mýrdalshrepps kemur jafnframt fram að sótt verði um framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við matsgerð.“ – gar

## Spaðarnir enn á þyrlunni sem fyrst í Suður-Kóreu

**FLUGMÁL** H225 Super Puma björgunarþyrla sem fyrst í Suður-Kóreu fyrir helgi með sjö manns náðist upp úr sjónum í gær. Sjá má af myndum af flakinu að spaðar þyrlurnar eru enn áfastir.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu leigir Landhelgisgæsla Íslands tvær sams konar þyrlur frá Noregi þar sem þarlend rannsóknarnefnd flugslysa hefur sagt að endurhanna þurfi girrkassa í öryggisskyni.



Þyrlan náðist upp úr sjónum í gær. MYND/LANDHELGISGÆSLA S-KÓREU

» Sjö manns fórust er þyrla í björgunarleiðangri í Suður-Kóreu hrapaði í sjóinn um tveimur mínútum eftir flugtak.

Slíkar þyrlur fórust í Noregi 2016 og í Skotlandi 2009 með öllum um borð. Voru bæði slysin rakin til málmþreytu í girrkassa sem leiddi til þess að spaðarnir losnuðu af á flugi.

Þótt spaðarnir hafi ekki losnað af þyrlunni í Suður-Kóreu mun ekki vera öruggt að óhappið megi ekki rekja til bilunar í girrkassanum.

Ekki náðist í Asgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, í gær en í samtali við RÚV sagði hann upplýsinga hafa verið óslað frá Airbus og flugmálayfirvöldum vegna slyssins í Suður-Kóreu. Ekki væri komin fram ástæða til viðbragða af hálfu Gæslunnar. – gar

## Vilja stytta grunnskólanámið

Samtök atvinnulífsins segja að sameina þurfi háskóla hérlandis og leggja til að ráðherra skipi nefnd til að fara í saumana á hvort hér þurfi sjö háskóla. Áður hafi verið rætt um sameiningu en ekki orðið af því.

**MENNTAMÁL** Meðal tillagna sem kynntar verða á fundi Samtaka atvinnulífsins í dag er að stytta grunnskólanám hér á landi, þannig að í stað tíu ára verði grunnskólanám níu ár. Gert er ráð fyrir því í tillögunni að styttingin komi ekki niður á námsefninu heldur verði sumarleyfi grunnskólanna stýtt úr rúmlega tíu vikum í um það bil sjö vikur.

„Megindrifkrafturinn að baki þessari tillögu í okkar huga er að bæta námsárangur. Erlendar rannsóknir sýna að löng sumarfrí eins og hér þekkjast hafa slæm áhrif á námsárangur grunnskólanna og það á sérstaklega við um börn fátækra og innflytjenda,“ segir Davíð Þorláksson forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins og einn höfunda skýrslu þar sem 30 tillögur eru gerðar um úrbætur á menntakerfinu.

„En auðvitað skemmir ekki fyrir að þetta hefði mörg önnur jákvæð áhrif. Þetta myndi draga úr skorti á kennurum, þá myndi í þessu felast sparnaður sem væri þá hægt að nota í skólakerfinu til að bæta það enn frekar, þannig að við sjáum margþættar jákvæðar afleiðingar af þessu.“

Meðal annarra tillagna Samtaka atvinnulífsins í menntamálum er sameining háskóla.

„Árið 2009 var lagt til að Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskólinn yrðu sameinaðir,“ segir Davíð. Ekki hafi orðið meira úr því. Hann segir að árið 2010 hafi verið lagt til að Háskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík yrðu sameinaðir. Ekkert hafi heldur orðið úr því. „Við teljum rétt að í stað þess að festast í einstökum útfærslum yrði þetta skoðað heildstætt og leggjum til að ráðherra skipi nefnd sem myndi



Í landinu eru nú sjö háskólar og er lagt til að heildstæð skoðun á fjölda þeirra fari fram. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Megindrifkrafturinn að baki þessari tillögu í okkar huga er að bæta námsárangur.**

Davíð Þorláksson



skoða alla háskólana og undanskilja ekkert í því sambandi.“

Hann segir þróunina í Evrópu á þann veg að skólum hafi verið fækkað fyrst og fremst til að bæta gæði bæði náms og rannsókna og það hafi gefið góða raun. „Okkur finnst blasa við að sjö háskólar í jafn litlu landi og Íslandi sé of mikið.“

Aðrar tillögur sem kynntar verða á fundinum eru að tryggja leikskólaláss strax að loknu fæðingarorlofi, að sama fjárhæð verði greidd vegna grunnskólanna

óháð rekstrarformi skólanna sem þau sækja og að teknar verði upp fjöldatakmörkanir í háskóla að norrænni fyrirmynd.

Meðal þeirra sem taka þátt í umræðum á fundinum eru Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Stefánía Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs Landsvirkjunar, og Fjölínir Brynjarsson kennaranemi. [jon@frettabladid.is](mailto:jon@frettabladid.is)

jeep.is

## ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

### GOÐSÖGNIN JEEP WRANGLER RUBICON FÁANLEGUR MEÐ 35", 37" EÐA 40" BREYTINGU

- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF
- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAABSTÖÐ

JEEP® WRANGLER RUBICON KOSTAR FRÁ 10.890.000 KR.

40" BREYTTUR



ISBAND

UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep  
THERE'S ONLY ONE

# Biart og hlýtt

## MÚRBÚÐARVERÐ



Rafmagnshitablásari  
9Kw 3 fasa

**18.590**



Rafmagnshitablásari  
15Kw 3 fasa

**29.990**



Rafmagnshitablásari  
5Kw 3 fasa

**14.590**



Rafmagnshitablásari  
3Kw 1 fasa

**8.390**



Rafmagnshitablásari  
2Kw 1 fasa

**6.790**



Rafmagnshitablásari 2Kw

**1.995**



Rafmagnspilofn

**4.990**



Ólíufylltur  
rafmagnssofn  
9 píla  
2000W

**8.590**



Vatnsþétt LED ljós 60W

125cm **8.590**

155cm **9.900**



Dekton PRO XW750  
batterí vinnuljós

**3.490**

**Frábær  
birta**

Vatnsþétt LED  
útiljós / bílskúrsljós

28W 60cm **2.790**

56W 120cm **5.490**

70W 150cm **6.490**



Tu-RWL0450W  
LED vinnuljós 50W  
m/hleðslubatterí

**11.990**



Tu-RWL0430W  
LED vinnuljós 30W  
m/hleðslubatterí

**9.990**



LED Kastari 30W

**8.990**



SHA-8083  
3x36W Halogen

**15.890**



**Jólaseriurnar  
eru komnar**

**Mikið  
úrval**

**Mikið úrval af  
rakavörðum  
fjöltengjum IP44**

Verð frá  
**kr. 1.690**



15 metra  
rafmagnssnúra

**2.995**



Kapalkefli 15 metrar

**3.690**

25 metrar kr. 5.490  
50 metrar kr. 9.990



Kapalkefli 10 metrar

**2.890**



Kapalkefli, rakavarið  
IP44 25 metrar

**8.595**



<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Hafnarfjörður</b>	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Tómas Már Sigurðsson.

## Tómas Már nýr stjórnari HS Orku

**VIÐSKIPTI** Tómas Már Sigurðsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri bandaríska álfyrirtækisins Alcoa, hefur verið ráðinn forstjóri HS Orku og tekur hann við starfinu um næstu áramót. Gengið var frá starfslokum fyrrverandi forstjóra HS Orku í lok ágúst síðastliðins.

Áður var Tómas Már forstjóri Alcoa á Íslandi, í Evrópu og Mið-Austurlöndum og nú síðast aðstoðarforstjóri Alcoa á heimsvísu. Hann er umhverfisverkfræðingur frá Háskóla Íslands með meistaraþróf frá Cornell-háskóla í skipulagsverkfræði. Hann hefur setið í fjölda stjórna og situr í stjórn Íslandsbanka.

Í samtali við fréttablaðið.is segir Tómas að HS Orka sé frumkvöðull í jarðhitanýtingu auk nýsköpunar og þróunar sem henni tengist. „Þau tækifæri sem blasa við HS Orku eru afar spennandi og ég hlakka til að vinna að þeim með því afburðafólki sem hjá fyrirtækinu starfar,“ segir Tómas. –jþ

## Kosningabaráttan í Bretlandi á fullt



Jeremy Corbyn, leiðtogi breska Verkamannaflokksins, flytur ræðu á ráðstefnu í Háskólanum í Gloucester, um helgina. Ráðstefnan fjallaði um loftslagsmál og græna iðnbyltingu. Corbyn varði fyrstu helgi kosningabaráttunnar í suðvesturhluta Englands. Kosnið verður til þings í Bretlandi þann 12. desember. Þetta verða þriðju þingkosningar Breta á fjórum og hálfu ári. NORDICPHOTOS/EPA

FRÉTTABLAÐIÐ  
+PLÚS

## Rjúpnaveiði fyrstu helgi tímabilsins gekk vel

**VEIÐI** „Mér sýnist á samfélagsmiðlum og af því sem ég hef heyrt að þetta hafi verið góð helgi til veiða,“ segir Áki Ármann Jónsson, formaður Skotvís. Hann segir að gott veður hafi átt sinn þátt í því. Hann segir að nokkuð virðist hafa verið af fugli. Erfitt sé hins vegar að segja um hvar mest veiddist þessa helgina.

„Það sem maður veit er að Norðurlandið, Norðausturlandið, Austurlandið og Vestfirðir hafi haldið þessu uppi.“ Áki segir að það sé algengt að menn fari á þessi svæði þó að þeir búi annars staðar. „Eitthvað hefur verið um að menn hafi verið á fjórhjólum og sexhjólum við veiðar. Það er algerlega bannað sam-



Rjúpnaveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kvæmt veiðilögum og við höfum verið að brýna það fyrir mönnum.“

Áki segir ekki meira um það í ár en endranær að landeigendur hafi lokað svæðum fyrir veiðum. „Þetta er áberandi núna því þessar tilkynningar eru að færast inn á samfélagsmiðla.“ –jþ

## Strandabörn helmingi færri en um aldamótin

Fækkun íbúa á Ströndum hefur verið viðvarandi síðustu áratugi. Börnum hefur fækkað hlutfallslega meira en öðrum íbúum á svæðinu. Endurnýjunin verður því ekki sjálfbær og útlit fyrir enn meiri fækkun í komandi framtíð.



Langflestir Strandamenn búa á Hólmavík og þar segist oddvitinn þurfa að vera bjartsýnn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BYGGÐAÞRÓUN** Börnum í þremur sveitarfélögum á Ströndum hefur frá aldamótum fækkað um meira en helming.

Nú er svo komið að aðeins tvö börn eru búsett í Árneshreppi og enginn leikskóli er starfandi á Drangnesi í Kaldraneshreppi. Oddvitar sveitarstjórna segja vörnina erfiða og að eitthvað stórkostlegt þurfi að koma til svo að þróunin snúist við.

Samanlagt búa á Ströndunum nú, í þessum þremur sveitarfélögum, um 600 manns. Langflestir þeirra búa í Hólmavík í Strandabyggð en í Strandabyggð allri búa um 450 manns. Jón Gísli Jónsson, oddviti hreppsnefndar Strandabyggðar, telur vörnina erfiða.

„Þetta er vont og erfitt. Eitthvað togar nú suður á höfuðborgarsvæðið.

Þar eru auðvitað íþróttamöguleikar og afþreying sem minna er um hérna í fámenninu hjá okkur. Við teljum hins vegar kosti á móti,“ segir Jón Gísli sem telur að stöðu sinnar vegna þurfi hann að vera bjartsýnn. „Ég verð að horfa á framtíðina björtum augum og halda því fram að við verðum enn þá til. En með íbúapróunina, þá er erfitt að vita hvað verður.“

Horfurnar eru öllu svartari í Kaldraneshreppi þar sem aðeins 19 börn bjuggu í hreppnum árið 2018. Vitað er að á síðustu vikum hafi tvær fjölskyldur flutt úr hreppnum með börn og því er sú tala mun lægri nú.

Finnur Ólafsson oddviti segir tækifæri fyrir byggðina að rísa á ný. „Ef allt gengur upp sem við erum að berjast fyrir þá verður öflugri

byggð hér og gæti skapað um hundrad störf á svæðinu,“ segir Finnur. Þar séu norskir og íslenskir aðilar að skoða þann möguleika að hefja fiskeldi í sveitarfélaginu með nýrri tækni þar sem ekki verður um opið sjókvíaeldi að ræða.

Hins vegar er ljóst að þessi sveitarfélög eru í nauðvörn. Ekki er ólíklegt að heilsársbúseta leggist af á næstu áratugum í Árneshreppi. Aðeins rétt rúmlega fjórutíu manns búa þar nú og þarf lítið að gerast til að byggð þar þurrkist hreinlega út.

Drangnes og Hólmavík sem tveir kjarnar gætu vissulega blómstrað en með fækkun í sveitunum í kring gæti róðurinn orðið þyngri. Bjartsýni virðist hins vegar ríkja meðal sveitarstjóranna.

sveinn@frettabladid.is



**TIL SÖLU!**  
Í REYKJANESBÆ

## Flugvellir 20

Nýtt þjónustu- / iðnaðarhúsnæði nálægt Leifsstöð.  
(3ja mínútna akstur)

413,7 m<sup>2</sup> eining  
276,3 m<sup>2</sup> eining

Eða selt saman sem eitt húsnæði samtals 690m<sup>2</sup>. Stór lóð! Tilbúið til afhendingar, fullbúið að utan og tilbúið til innréttingar að innan með rafmagns- og hitalögnum.

Fasteignasalan  
**GARÐUR**  
562-1200

Halldór Freyr Sveinbjörnsson  
löggitillur fasteignasali  
Sími: 693-2916  
halldor@fastgardur.is

Upplýsingar:  
Baldur s. 660 6470

**+PLÚS**



Amin Nasser, framkvæmdastjóri Saudi Arabian Oil Co. (Aramco) og Yasir Al-Rumayyan, formaður fyrirtækisins, á blaðamannafundi í Dammam, Sáði-Arabíu, í gær. Mohammed bin Salman krónprins kynnti fyrir þremur árum þá hugmynd að setja ætti Saudi Aramco á markað. Í gær tilkynnti oliurisinn áformin um skráningu hlutabréfa í kauphöllinni í Riad. NORDICPHOTOS/ GETTY

Geoffrey Kamworor frá Kenýa kom fyrstur karla í mark í hinu árlega maraþoni New York-borgar sem haldið var í gær. NORDICPHOTOS/ EPA



Úkraínska söngkonan Maruv á evrópsku tónlistarhátíðinni MTV EMA 2019, sem haldin var í FIBES ráðstefnu- og sýningarhöllinni í Sevilla í Andalúsiu á Spáni, í gær. NORDICPHOTOS/ EPA

Mótmælendur í Beirút í Líbanon lýstu upp síma sína þegar þeir mótmæltu á Pislartorgi í gærkvöldi. Mótmælin beinast gegn ríkisstjórninni og efnahagsástandinu í landinu. NORDICPHOTOS/ EPA



Stæltir vaxtaræktarkappar á meistaramótinu í vaxtarækt í Bishkek-borg í Kirgisístan, í gær. Íþróttamenn og -konur frá Kirgisístan og Kasakstan tóku þátt í mótinu. NORDICPHOTOS/ EPA



# Upphaf nýrra **drauma!**



## Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.  
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.  
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.





## Svona fólk



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Menn hafa um langan aldur háð stríð. Sum þeirra hafa sprottið af fremur litlu tilefni, sem útkljá hefði mátt með stuttu samtali, jafnvel afsökunarbeiðni. Önnur eiga sér dýpri rætur í ágreiningi, sem oft vex í tilfinningaríki jarðvegi. Það verður líka að gangast við því að oft spila trúarleg sjónarmið inn í ágreining manna og þá er stutt í að tilfinningar taki yfir og menn verði viðskila við rökin. Þau mál má líka leysa með afsökunarbeiðni.

Nú hefur Ríkisútvarpið nýlokið við að sýna Svona fólk, heimildarþáttaröð um réttindabaráttu samkynhneigðra hér á landi. Óhætt er að fullyrða að aldrei hefur sambærilegt sjónvarpsefni verið búið til hérlandis.

Höfundurinn og leikstjóri þáttanna, Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarmaður, á skilið lof fyrir verkið. Sú yfirsýn sem gefin er af harðri og ósanngjarnri baráttu fyrir sjálfsgöðum réttindum er mikils virði. Þó að réttindabaráttunni sé ekki lokið mega nú tveir einstaklingar ganga í hjónaband frammi fyrir Guði og mönnum, án tillits til kyns þeirra eða kynhneigðar. Það gerðist ekki af sjálfu sér. Aðeins örfáir áratugir eru síðan samkynhneigðu fólki var vísað úr vinnu eða það missti húsnæði vegna kynhneigðar sinnar.

Það verður ekki vikið að baráttu samkynhneigðra hérlandis án þess að nefna þátt kirkjunnar. Um langt árabil neitaði þjóðkirkjan sjálf, í þessum efnunum, að horfast í augu við að allir menn væru skapaðir jafnir fyrir augliti Guðs. Fyrsta skref löggjafans varðandi sambúð án tillits til kyns var að festa í lög ákvæði um staðfesta samvist. Það var að forminu til löggjeringur, eins konar sáttmáli, sem gera skyldi hjá sýslumanni.

Það var ekki fyrr en árið 2010 að fyrstu grein hjúskaparlaga var breytt þannig að í stað orðanna „karls og konu“ kom „tveggja einstaklinga“. Þar með var björninn unninn að þessu leyti.

Í síðasta þætti heimildarmyndaradarinnar er bítur úr viðtali við þáverandi biskup þjóðkirkjunnar frá árinu 2006, um það leyti sem áform voru um að heimila kirkjunni að vígja einstaklinga í hjónaband án tillits til kyns þeirra. Þar sagði þáverandi biskup að kirkjan hefði um langa hríð gengið út frá skilgreiningu í þessum efnunum og nú væri kallað eftir að þeirri skilgreiningu væri breytt. „Ég á við að ég held að hjónabandið eigi það inni hjá okkur að við köstum því ekki á sorphauginn alveg án þess að hugsa okkar gang.“ Þetta orðfæri eldist frámunalega illa.

Núverandi biskup svaraði því í liðinni viku hvort biðjast ætti afsökunar á þessum orðum: „Ég get alveg beðið fólk afsökunar á því að kirkjan hafi komið svona fram og sært fólk... Ég er fús til þess að biðjast afsökunar á því.“ Svárið er í áttina, en ekki fullnægjandi. Kirkjan hefur tækifæri nú til að ganga alla leið og biðjast afsökunar, fullum fetum. Það gæti orðið liður í að auka sáttina sem mikilvægt er að ríki um hana. Ef marka má nýja mælingu á trausti fólks til kirkjunnar, mun ekki af veita.



Kirkjan hefur tækifæri nú til að ganga alla leið og biðjast afsökunar, fullum fetum.

## Halldór



## Frá degi til dags

Til nýrrar sóknar Norðurlands Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur sett til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda, á vegum Eypings, drög að nýrri sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir 2020 til 2024. Er henni ætlað „að skila landshlutanum fram á veginn með skarprí sýn á forgangsröðun verkefna og jákvæðum árangri“. Sett eru fram mælanlega markmið.

Sérstaklega er fjallað um hvernig gera megi hlutina betur í uppbyggingu svæðisins. Hætta þarf að „beita gömlum meðulum“ í heimi sem breytist hratt. Með þetta í huga eru sett fram metnaðarfull markmið til atvinnusköpunar. Þar er fyrst á dagskrá „að hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins aukist um 15%“. Þetta þarf að gera fyrir 2024. Sama ár ætla menn að auka opinbert fjármagn til rannsóknna, þróunar og nýsköpunar til landshlutans um 40%.

Hvergi nefnt á nafn... Í plagginu er síðan sérstaklega tekið fram að menn þurfi að hætta að „etja saman tveimur svæðum“. Líklega með þetta í huga er sameining sveitarfélaga hvergi nefnd á nafn í sóknaráætluninni. Öflugri og stærri sveitarfélög eru líklega það skynsamlegasta sem hægt er að gera til að skila landshlutanum fram á veginn. Líka þegar kemur að nýtingu og skiptingu almannaþjá. arib@frettabladid.is

## Lítið skref í rétta átt



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður Viðreisnar

Að frumkvæði Guðlaugs Þórs Þórðarsonar hafa utanríkisráðherra Norðurlanda falið Birni Bjarnasyni fyrrverandi ráðherra að skrifa skýrslu með tillögum um hvernig þróa megi samstarf landanna á sviði utanríkis- og öryggismála. Þetta er lítið skref í rétta átt.

Nefnd undir forystu Björns hefur nýlega skilað gagnmerki skýrslu um árangurinn af aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins. Það var skýrsla um fortíðina. En nýja skýrslan snýst um framtíðina.

Samkvæmt aðgerðaáætlun forsætisráðherra Norðurlanda verða utanríkis- og varnarmál að visu ekki megin viðfangsefni norræns samstarfs á næstu árum. Þungamiðjan í alþjóðlegu samstarfi allra landanna liggur í Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu. Það breytir ekki hinu að nýjar áskoranir í þessum efnunum kalla á að Norðurlönd samhæfi afstöðu sína í ríkari mæli en verið hefur. Sú samvinna verður þó alltaf jaðarsamstarf á þessu sviði.

Þetta litla ánægjulega skref í norrænu samstarfi er um leið áminning um að við þurfum sjálf að horfa til framtíðar í stærra samhengi. Að meta eingöngu árangur sögunnar dugur ekki til. Það er í því ljósi sem ég hef ásamt fleiri þingmönnum lagt til að Alþingi akveði að gerð verði greining á þeim miklu breytingum sem orðið hafa síðan ákvæðanir voru teknar um núverandi stöðu Íslands í alþjóðlegri samvinnu. Engin ný skref hafa verið stigin í þrjá áratugi. Á þeim tíma hefur heimsmýndin hins vegar gjörbreyst. Mín skoðun er sú að ekki sé þörf á neinum grundvallarbreytingum. Við eigum til að mynda ekki að hverfa frá þeirri fjölþjóðasamvinnu sem vel hefur reynst og fara í staðinn alfaríð inn á braut tvíhliða fríverslunar-samninga. Það væri kúending. Nær lagi væri að taka lítil skref fram á við á þeim vettvangi sem hefur reynst jafn happadrijúgur og skýrsla Björns Bjarnasonar sýnir.

Fyrst utanríkisráðherra gat horft til framtíðar með vinum okkar á Norðurlöndum er ég viss um að hann getur það sama hér heima á Alþingi Íslendinga. Stórt skref í þá átt væri að styðja hugmynd okkar um greiningu á framtíðarþörfum Íslands fyrir efnahagslegt, menningarlegt og pólitískt samstarf á komandi tímum.



Þetta litla ánægjulega skref í norrænu samstarfi er um leið áminning um að við þurfum sjálf að horfa til framtíðar í stærra samhengi.

NEYSLUBREYTINGAR OG ÁHRIF Á MATVÆLAFRAMLEIÐSLU

Matvælandið Ísland og Landbúnaðarklasinn standa fyrir opinni ráðstefnu á Hótel Sögu um neyslubreytingar og áhrif þeirra á matvælaframleiðslu þriðjudaginn 5. nóvember kl. 13.00-16.00.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á BONDI.IS

ÚTGÁFUFLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Jón Þórisson jon@frettabladid.is. MARKAÐURINN: Hörður Ágísson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Kolbrunn Bergþórsdóttir kolbrunn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Arnason sfa@frettabladid.is

# Kynjastriðið

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Fyrir margt löngu fékk ég kæruleysislega hugmynd að bókarskrifum í kollinn. Mig langaði — og langar enn — að skrifa skáldsögu sem gerist einhvern tímann í framtíðinni, kannski eftir tvö hundruð ár, þar sem heimurinn er orðinn tvískiptur. Öðrum hlutanum ráða karlar, hinum konur. Langvarandi stýrjöld mun hafa geisad milli þessara heimshluta í upphafi sögunnar. Svo fylgjumst við með aðalpersónum, stelpu og strák, efast um grundvöll stríðsbrótsins, heimsmyndarinnar og kannski uppgötva ástina sín á milli. Söguna af Rómeó og Júlíu, um hinar forboðnu ástir, má jú endalaust endurnýta.

Mér finnst margt bitastætt í þælingunni. Íhuga má hvernig heimi kvenna yrði stjórnað og hvernig hlutum yrði háttáð þar, og hvernig heimur karla yrði frábrugðinn. Mykt öðrum megin, harka hinum megin? Multi-taskað öðrum megin, allt í klessu hinum megin? Ég veit ekki. Hver væri ástæða sundrunnar og orsök stýrjaldrarbrótsins? Hvernig myndi stýrjöldin þróast?

Nú veit ég ekki hvort svona bók hefur verið skrifuð, en hitt veit ég. Eftir því sem árin hafa liðið og hugmyndin gerjast í huganum hef ég upplifað hvernig margt af því sem ég hef dundað mér við að spá í varðandi kynin hefur í raun verið að gerast fyrir framan nefið á mér. Mér liður stundum eins og atburðarásin sem gæti leitt til veruleika bókarinnar sé að eiga sér stað einmitt núna. Samtíminn gæti hæglega verið upphafið að kynjastriðinu.

Ásakanir fljúga á báða bóga. Karlar eru froðufellandi á netinu að ausa svívirðingum yfir konur. Hatursorðræða ungra karla í garð kvenna er orðin sérstakt rannsóknar- og áhyggjuefni á Norðurlöndum. Konur óttast jafnvel um líf sitt, skiljanlega, sem er grafalvarlegt mál. Hins vegar upplifa margir karlar sig sára og reiða yfir umræðu kvenna í sinn garð, að vera jafnvel ásakaðir um eitthvað sem þeir gerðu ekki og hugsanlega sviptir ærunni án dóms og laga. Slíkt hendir. Með vissum gleraugum má mjög auðveldlega sjá hvernig heiftin í sakbendingum kynjanna, reidin í umræðunni, gæti þróast í nokkrum heimssögulegum skrefum yfir í algjörlega kynjaskiptan heim þar sem karlar og konur vörpuðu sprengjum á hvert annað.

Ég verð að játa að þegar skærurnar standa sem hæst á samfélagsmiðlum — og þær gjósa upp með reglulegu millibili, nú síðast í liðinni viku — er þráður í mér sem hugsar hvort ekki sé hreinlegast að hinar stríðandi fylkingar mæli sér mót í Fákafeni og útkljái málið með hressilegri óskursessjón, því ekki viljum við slagsmál.

Maður er orðinn smá þreyttur á þessu. Það hvarflar ekki að mér að gera lítið úr mikilvægi jafnréttisbaráttunnar. Það hvarflar heldur ekki að mér að gera á nokkurn hátt lítið úr því hvernig konur hafa mátt þola yfirgang og áreitni karlmanna nánast frá upphafi landbúnaðarbyltingarinnar. Og mikið lífandis ósköp var orðið tímabært að risið yrði upp gegn oft á tíðum svívirðilegri háttsemi okkar karla og við vaktir til vitundar um nauðsyn þess að tileinka okkur

virðingu í samskiptum við konur.

Ég held að þetta sé að síast inn. Karlar eru mjög margir að ná þessu, þótt sumum reynist það þrautin þyngri. Mér finnst ég þekkja nokkurn fjölda karlmanna sem lítur svo á að jafnrétti kynjanna eigi að vera fullkomlega ófrjávíkjanlegur veruleiki. Hogginn í stein. Ekki kemur annað til greina. Mér sjálfum finnst, einlæglega, fullkomlega út í hött að karlar og konur standi ekki algjörlega jafnfætis í veröldinni.

Kannski er langt í land. Kannski ekki. Eitt getur í öllu falli gerst þegar mikilvæg vakning á sér stað í kjölfar nauðsynlegrar baráttu. Baráttan getur farið að lifa sínu eigin lífi. Allt í einu verður það aukaatriði hvort árangur náist. Þannig má halda því fram að það versta sem gat komið fyrir Samtök herstöðvarandstæðinga var að herstöðin skyldi fara. Hvað varð þá um samtökin og allt það góða starf? Hugsanlega voru tilfinningar

blendnar. Sama getur komið fyrir feminisminn. Það mega ekki vera sorgartíðindi í augum aktivista ef árangur næst, jafnrétti verður og karlar fara almennt að haga sér.

Þannig yrði kynjastriðið til í skáldsögunni, held ég. Fólki, bæði karlar og konur, sem á einhvern hátt fer að líta á það sem hluta af tilgangi sínum og sjálfsmynd að eiga í stríði við hitt kynið nær undirtökum í samfélaginu. Hinn þögli meirihluti dregst enn og

aftur inn í átök öfganna. Í framvindu sögunnar myndum við sjá hvernig hlutirnir eru í raun og veru öðruvísi. Kynin eru ekki óvinir. Baráttan í veröldinni er um gildi og verður alltaf. Jafnréttis- og mannréttindasinnaðar manneskjur, karlar og konur, eiga andstæðinga í þróingsýnum og hatursfullum manneskjum, kórlum og konum. Og upp rís veröld þar sem við, kynin, föttum að við erum saman í því sjötti, eins og sagt er.



MÁNUDAGINN 4. NÓVEMBER  
Á GRAND HÓTEL - HÁTEIGI  
KL. 12.00-13.00

## Menntun & færni til framtíðar

### DAGSKRÁ

Kynning á áherslum  
Samtaka atvinnulífsins  
í menntamálum

Í kjölfar kynningarinnar  
fara fram umræður um  
menntamál.

Setning

Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA

Áherslur Samtaka atvinnulífsins í menntamálum

Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs SA

Umræður:

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Stefanía Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptapróunarviðs Landsvirkjunar

Fjölur Brynjarsson, kennaranemi í Háskóla Íslands

Fundarstjóri: Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Icelandair

Fundargestir fá nýtt rit SA um tækifæri og áskoranir í menntakerfinu.  
Boðið verður upp á léttu hádegishressingu.

➔ Skráning á [www.sa.is](http://www.sa.is)



# Mane bjargaði málunum í Birmingham

Senegalinn Sadio Mane reyndist hetja Liverpool um helgina þegar liðið skoraði tvö mörk á lokamínútunum í naumum sigri á Aston Villa. Mane átti sitt besta tímabil í fyrra þegar hann deildi gullskónum í ensku úrvalsdeildinni og hefur ekkert slegið af þrátt fyrir stutt sumarfrí fyrir tímabilið.

**ENSKI BOLTINN** Rétt eins og kötturinn virðist Liverpool hafa níu líf í ensku úrvalsdeildinni þessa dagana. Það mátti ekki tæpara standa í 2-1 sigri á Aston Villa á útivelli um helgina þar sem Villa virtist ætla að verða fyrsta liðið til að vinna Liverpool á þessu tímabili. Nýliðar Villa leiddu með einu marki þegar fimm mínútur voru til leiksloka og voru líklegir til að verða annað liðið sem vinnur Liverpool í síðustu 50 leikjum á eftir Manchester City en á lokasprettinum tókst lærisveinum Klopp að lauma inn tveimur mörkum og taka stigin þrjú aftur til Liverpool.

Liverpool var 74% með boltann í leiknum, átti 25 marktilraunir gegn fjórum og átti sigurinn fyllilega skilinn þegar litid verður til baka en það er ekki alltaf spurt að því. Fimm mínútum fyrir leikslok virtist þessi leikur ætla að vera bananahýði fyrir lærisveina Klopp en á lokamínútunum tókst þeim að nýta sér þreytta fætur Aston Villa og skapa tvö mörk. Þar átti Mane stóran þátt, fyrirgjöf hans fann Robertson á fjarstöng á 87. mínútu leiksins. Við það eflidist Liverpool og sótti í leit að sigurmarkinu sem kom á 94. mínútu. Þá skallaði Mane hornspyrnu Trent Alexander-Arnold í netið af nærstönginni og tryggði Liverpool stigin þrjú. Dean Smith, knattspyrnustjóri Villa, sagðist í viðtölum eftir leik skrifa mörkin á einbeitingarleysi.

„Því miður máttu ekki missa einbeitinguna gegn bestu liðum heims. Þú þarft að halda áfram á 97. mínútu ef til þarf.“

Með því heldur Liverpool sex stiga forskoti á Manchester City fyrir stórleik næstu helgar þegar City heimsækir Liverpool á Anfield. Liverpool er með pálmann í höndunum fyrir leikinn og getur stigið stórt skref í rétta átt í titilbaráttunni með sigri um næstu helgi.

## Tap í Svíþjóð greiddi leið Mane til Englands á sínum tíma

Mane, sem er fæddur í Bambali í Sedhiou-héraðinu í Senegal, stefndi ungar að árum að því að verða atvinnumaður í knattspyrnu, þvert á vilja foreldra sinna. Hann fluttist því ungar að árum til höfuðborgarinnar Dakar og æfði hjá akedemíu senegalska knattspyrnu-sambandsins. Þar komu nýsnarar franska félagsins Metz auga á Mane og buðu honum að koma til Frakklands. Ekki sýndi Mane markanef á fyrsta tímabili sínu í Frakklandi þar sem hann skoraði eitt mark þegar Metz féll úr 2. deildinni en spilamennskan heillaði forráðamenn austurríska félagsins RB Salzburg.

Í Austurríki blómstraði Mane og varð tvisvar meistari með Salzburg þar sem hann naut sín í hröðum sóknarleik og byrjaði að finna net-

» Í ellefu leikjum í ensku úrvalsdeildinni þetta árið hefur Sadio Mane skorað sex mörk og lagt upp fjögur. Hann hefur því komið að tíu af 25 mörkum Liverpool í upphafi tímabilsins.

möskvana reglulega. Óvænt tap Salzburg gegn Malmö á lokastigi undankeppni Meistaradeildar Evrópu haustið 2014 þýddi að Mane var tilbúinn að yfirgefa Austurríki og samdi við Southampton. Eftir tvö góð ár hjá Dýrlingunum þar sem Mane setti met yfir fljótustu þrennuna í sögu ensku úrvalsdeildarinnar kom Liverpool kalliandi og greiddi metfé fyrir afrískan leikmann, 34 milljónir punda og reyndist hann hverrar krönu virði.

## Stigur upp þegar þörf er á

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassaragítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Til bygginga



### HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf. Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



### ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Levels/Stig: 1 - 6: Start/Byrja: 11/11, 9/12. 2020: 13/1, 10/2, 8/3, 6/4, 4/5. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/mem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 49.500.- Most labour unions pay back 75-90% of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175/5571155

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030. NORÐURNES Á ÁLFTANESI. SKIPULAGSLÝSING

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir skipulagslýsingu vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Breytingin nær til Norðurnes á Álftanesi í samræmi við 1. mgr. 30. gr. Skipulagslýsingin gerir m.a. grein fyrir skipulagskostum, helstu forsendum og stefnu. Breytingin felur m.a. í sér stækkun íþróttasvæðis undir golfvöll, breytingu á mörkum hverfisverndarsvæðis Bessastaðatjarnar, breytt ákvæði um íbúðarsvæði og niðurfellingu á hesthúsvæði og aðstöðu til siglinga. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir Norðurnes og verður það unnið og kynnt samhliða aðalskipulagsbreytingu.

Skipulagslýsingin liggur frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 4. nóvember 2019 til og með 13. nóvember 2019. Einnig er hún aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is). Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn ábendingar.

Frestur til að skila inn ábendingum rennur út miðvikudaginn 13. nóvember 2019.

Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is) og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

### TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI LUNDAHVERFIS Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 17.10.2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Lundahverfis, samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Við gerð tillögunnar hefur verið leitað við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi Lunda en auk þess eru nú sett ákvæði um nýtingarhlutfall íbúðarhúsa og skipulag leikskólalóðar Lundaból.

Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdráttum og í greinargerð. Húsakönnun og fornleifaskráning eru einnig lagðar fram til kynningar.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 4. nóvember 2019 til og með 16. desember 2019. Einnig er hún aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is). Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 16. desember 2019.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is) og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

Arinbjörn Vilhjálmsson  
skipulagsstjóri



GARÐABÆR  
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# job

Finum draumastarfið saman



## Er um við að leita að þér?

ARIETE  
**SKAFT**  
RYKSUGA

20%

2in1

VERD ÁÐUR... 14.995  
TILBOD ..... 11.995

Sirius ljósaseriur og kerti

25% - 50%

**RAFTÆKJADAGAR**  
**ÖLL RAFTÆKI**  
**Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**

PEUGEOT ELIS TOUCH  
VÍNFLÖSKU  
OPNARI



33%

VERD ÁÐUR... 14.995  
TILBOD ..... 9.995

OBH NORDICA  
**HÁRKLIPPUR**  
Attraxion Force

38%

VERD ÁÐUR... 7.995  
TILBOD ..... 4.995

**byggto**g**búið**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

BRAUN  
**TÖFRASPROTI**  
Multiquick 5



20%

VERD ÁÐUR... 9.995  
TILBOD ..... 7.995

BELGÍSKT VÖFFLUJÁRN  
WILFA

25%

1000W  
VERD ÁÐUR... 7.995  
TILBOD ..... 5.995

OBH NORDICA  
**HANDPEYTARI**



20%

EasyMix  
VERD ÁÐUR... 5.995  
TILBOD ..... 4.795

MELISSA  
SOUS VIDE TÆKI

23%

VERD ÁÐUR... 12.995  
TILBOD ..... 9.995

OBH NORDICA  
**HAMBORGARA**  
GRILL

50%

VERD ÁÐUR... 3.995  
TILBOD ..... 1.995

Russell Hobbs  
**SALT- OG**  
PIPARKVÖRN



20%

RAFKNÚIN  
VERD ÁÐUR... 6.995  
TILBOD ..... 5.495

MEDISANA **BADVOG**  
GLER

40%

VERD ÁÐUR... 4.995  
TILBOD ..... 2.995

HRÍSGRJÓNASUÐUPOTTUR



20%

1,5L  
VERD ÁÐUR... 5.995  
TILBOD ..... 4.795

REVLON  
SLÉTTIBURSTI

25%

Með  
blæstri

VERD ÁÐUR... 7.995  
TILBOD ..... 5.995

50%

REVLON  
SLÉTTIJÁRN



Með tösku og  
hárlöngum

VERD ÁÐUR... 8.995  
TILBOD ..... 4.495

ARIETE  
GUFUSTRÁUJÁRN  
GUFUSLÉTTIR

20%

VERD ÁÐUR... 9.995  
TILBOD ..... 7.995

PHILIPS  
TRIACTIVE ECO  
POKALAUS  
RYKSUGA



20%

VERD ÁÐUR... 24.995  
TILBOD ..... 19.995

SAGE  
**BLANDARI**

29%

The Q

VEGLEGUR  
KAUPAUKI



LOFTTÆMINGARPUMPA

VERD ÁÐUR... 69.995  
TILBOD ..... 49.995

JBL BLUETOOTH  
**HÁTALARI**



VATNSHELDUR

VERD ÁÐUR... 24.995  
TILBOD ..... 21.495

HÁGÆÐA HRÆRIVÉLAR

KAUPAUKI

Queen of Hearts bókunarsett  
í 100 ára afmælisútgáfu  
að verðmæti

9.995



**KitchenAid**

FJÖLDI LITA  
VERÐ FRÁ 79.995



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir



**1520 Stokkhólmsvíginn** hefjast eftir að Kristján 2. hefur verið krýndur konungur Svíþjóðar í Stokkhólmi.

**1677** María II drottning Englands, Skotlands og Írlands giftist Vilhjálmi prins.

**1783** Sinfónía númer 36 eftir **Wolfgang Amadeus Mozart** er flutt í fyrsta skipti í Linz í Austurríki.

**1869** Tímaritið Nature kemur fyrst út í Bretlandi. Það fjallar um vísindi og er talið meðal virtustu tímarita sinnar tegundar í heiminum.



**1890** Fyrsta neðanjarðarlestin fer á milli King William Street og Stockwell í London.

**1897** Fjórir bátar farast á Ísafjarðardjúpi í ofsaveðri og einn á Skjálfanda og með þeim tuttugu og tveir menn.

**1918** Austurríki-Ungverjaland gefst upp fyrir Ítalíu í fyrri heimsstyrjöldinni.

**1942** Áhöfn Brúarfoss bjargar 44 skipbrotsmönnum af enska skipinu Daleby sem sókkt var á leiðinni milli Íslands og Bandaríkjanna.

**1969** Tveir strætisvagnar skella saman á Skúlagötu í Reykjavík og sautján farþegar slasast.



**1994** Fyrsta ráðstefnan sem fjallar sérstaklega um markaðsmöguleika internetsins haldin í San Francisco.

**1995** Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, er skotinn til bana af öfgasinnuðum Ísraela.

**2008** Barack Obama er kosinn forseti Bandaríkjanna og verður þar með fyrstur þeldökkra manna til að gegna því embætti.



Okkar elskulegi  
**Þórður Pétursson**

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, 4. nóvember, kl. 13.00.

**Aðstandendur**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Stefán Ólafur Gíslason**  
fv. flugstjóri,  
Sléttuvegi 11, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 23. október á

Hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram miðvikudaginn 6. nóvember frá Grafarvogskirkju klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítala Hringingsins (hringurinn.is) þar sem Stefán langafabarn hans hefur notið aðhlyningar.

**Elisabet Þórarinsdóttir**

**Þórarinn Örn Stefánsson**

**Gísli Stefánsson**

**Rósa Stefánsdóttir**

**Erna Stefánsdóttir**

**Piya Damalee**

**Hulda Arndís Jóhannesdóttir**

**Óskar S. Jóhannesson**

**Axel Skúlason**

**barnabörn og langafabörn.**

## Lífsgrös og leyndir dómar

Bók Ólínú Kjerúlf Þorvarðardóttur um rætur læknispekingar nútímans er afrakstur tveggja áratuga greiningar á galdraskræðum, lausnarsteinum og lækningamætti jurta.

Í bókinni fjalla ég um lækningar, töfra og trú í sögulegu ljósi. Þar greini ég frá þróun lækninganna, gömlum húslækningum og aðferðum sem sumar þykja undarlegar í dag en aðrar hafa staðist tímans tönn,“ segir dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir Þjóðfræðingur, höfundur bókarinnar Lífsgrös og leyndir dómar sem nú er að koma út hjá Vöku-Helgafelli.

Ólína er fædd í Reykjavík 1958. Hún lærði íslensku, þjóðfræði og heimspeki við Háskóla Íslands og lauk þaðan doktorsprófi árið 2000. Hún hefur starfað sem fréttá- og dagskrárgerðarmaður, skólameistari og háskólakennari. Um árabíl var hún virk í stjórnmálum bæði sem borgarfulltrúi og alþingismaður.

Ólína hefur lengi fengist við rit-smíðar, fræði og skáldskap, þýðingar og kennslufni auk fjölmargra fyrirlestra og tímaritsgreina um trúarhætti, þjóðfræði og menningararf. Þetta er sjötta bók hennar.

Þetta er víðamikild verk sem Ólína segist hafa unnið að í hartnær tvo áratugi með hléum. Síðastliðin fjögur ár hafi hún einbeitt sér að því að klára bókina, sem um þessar mundir er að koma í verslanir. „Viðfangsefnið er í raun rökrétt framhald af doktorsritgerð minni sem fjallaði um galdramál 17. aldar þegar fólk var brennt á báli fyrir lækningaviðleitni með göldrum. Lækningar hafa frá örófi alda verið nátengdar trúarbrögðum og galdra-íðju enda var lengi vel litill munur á lækningabók og galdrabók. Þess finnst ymis dæmi að menn væru dæmdir á bálið fyrir að hafa haft lækningabók í förum sínum. Það var ekki fyrr en kom fram á 18. öld að aðskilnaður varð milli galdra og lækninga.“

Bókin fjallar um rætur læknispekingar nútímans. Ólína rekur þráðinn frá fornöld til samtímans, greinir frá rannsóknnum sínum á elstu íslensku lækningahandritunum sem rekja má aftur til 12. og 13. aldar og gerir sérstaka grein fyrir merkustu ritunum.

Ólína segir elsta íslenska lækningaritid ekki vera nema átta blöð. „Það kalla ég Gömlu gersemina, enda gengur þetta litla rit eins og rauður þráður í gegnum allar íslensku lækningabækurnar sem á eftir komu.“

Hún segir gömlu lækningahandritin bera samnorræn og evrópsk einkenni. „Þau hafa verið eignuð danska grasafræðingnum og lækningum Henrik Harpestræng. Hann sótti lækningabækkingu líkt og aðrir Evrópumenn þess tíma til Salerno-skólans á Ítalíu. Íslensku handritin sem bera líkindi af ritum Harpestrængs eru talin hafa borist til Íslands frá Danmörku eða Noregi,“ segir hún.

„Eitt þessara handrita kalla ég „Hrafnbók“ og tel að hugsanlega megi rekja skrifin til Hrafn Sveinbjarnarsonar goða í Dýrfirðingagöðordi, þekktasta læknis Íslands á miðöldum. Hann var samtímamaður Harpestrængs á 12. og 13. öld. Eg tel líklegt að Hrafn hafi komist yfir lækningahandrit Harpestrængs og hugsanlega bætt þar við eigin þekkingu,“ segir hún.

„Hrafnbók“ var afrituð árið 1387 á Geirróðareyri sem nú heitir Narfeyri á Snæfellsnesi. Ólína leiðir líkur að því að bókin hafi verið afrit af eldri lækningabók í eigu ættmenna Hrafn sem bjuggu á Geirróðareyri á 12. og 13. öld. Bókin er að hennar sögn í anda Harpestrængs og þekkingarlega tengd Salerno-skólunum, enda séu jurtirnar sem í henni eru nefndar flestar erlendar.

„Þessar bækur og handrit ganga í ýmsum afskriftum í gegnum aldirnar.



Bók Ólínú fjallar um rætur læknispekingar nútímans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Lækningar hafa frá örófi verið nátengdar trúarbrögðum og galdraíðju enda var lengi vel litill munur á lækningabók og galdrabók ... Það var ekki fyrr en kom fram á 18. öld að aðskilnaður varð milli galdra og lækninga.

Einu og öðru er síðan bætt inn í þær af skrifurum þess tíma og þegar kemur fram á 17. öld er efni þeirra orðið mjög blendið. Bætt er við rúnum, galdrastöfum, særingum, bænum og ýmsu hjátrúartengdu efni.

Að sögn Ólínú voru viðhorf til mannslikamans og lækninga önnur og heildrænni en síðar varð í kjölfar vísindabyltingar 20. aldar. „Framrás lækninga samtímans kallaði á oftrú á getu

vísindanna með miklum inngrípum og vantrú á þekkingu fyrri alda. Læknavísindin urðu sífellt sérhæfðari og á þrengri sviðum.

En á síðustu áratugum höfum við séð ákveðið afturhvarf til eldri viðhorfa gagnvart mannslikamanum samfara kröfu um heildrænni nálgun og hugsun í lækningum með minna inngrípi. Hollustuhættir, lýðheilsa og heildrænni nálgun eru krafa nýrra tíma líkt og Hippókrates boðaði. Fortíðin vitjar okkar þannig á ný.“

Í bókinni nýtir Ólína aðferðir ólíkra vísindagreina til að nálgast læknisdóma liðinna alda á áhugaverðan hátt. Þannig nýtir hún bókmenntafræði, sagnfræði, þjóðfræði og menningar- og félagsögu til að varpa ljósi á viðfangsefnið og ausa úr fróðleiksbrunnum fortíðar.

Í bókinni er itarleg heimildaskrá og gagnlegir viðaukar um heiti erlendra og innlendra lækningajurta og hvernig þær nýtust til lækninga. Þetta er fræðandi og skemmtilegt rit og til þess hefur verið vandað. david@frettabladid.is



# TAKK

LJÓSBERAR UN WOMEN Á ÍSLANDI

Við þökkum einnig eftirfarandi aðilum ómetanlegan stuðning vegna Landssöfnunar UN WOMEN

**STÚLKA EKKI BRÚÐUR**

## TAKK

Bílaleiga Akureyrar, Blue Lagoon Iceland, Body Shop, Flatey Pizza, Hekla Bílaumboð, Icelandair Hotels, Grillmarkaðurinn/Fiskmarkaðurinn, Kukl, Old Iceland Restaurant, Pfaff, Radisson Blu Saga Hotel, Reitir fasteignafélag, ROK Veitingahús, Röst Restaurant, Sensa

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Reykjavík  4   6 °C   °C	Ísafjörður  -1   2 °C   °C	Akureyri  0   2 °C   °C
Egilsstaðir  0   2 °C   °C	Kirkjubæjarkl  1   3 °C   °C	Hveravellir  -5   6 °C   °C

Austan 3-10 m/s, en 10-18 m/s með suðurströndinni. Víða bjart, stöku skúrir eða él um landið A-vert. Hiti 0 til 5 stig að deginum, en vægt frost norðanlands. Víða næturfrost. Breytileg átt, 3-8 m/s á morgun, og rigning eða slydda á S- og V-landi, en snjókoma til fjalla. Él um landið norðanvert, en lengst af bjartviðri austan til. Hiti 0 til 4 stig, en frost 1 til 5 stig norðan- og austanlands.

## Þriðjudagur

Reykjavík  2   3 °C   °C	Ísafjörður  -3   5 °C   °C	Akureyri  -3   2 °C   °C
Egilsstaðir  -4   0 °C   °C	Kirkjubæjarkl  1   3 °C   °C	Hveravellir  -6   5 °C   °C

## Miðvikudagur

Reykjavík  1   4 °C   °C	Ísafjörður  -3   2 °C   °C	Akureyri  -8   1 °C   °C
Egilsstaðir  -5   1 °C   °C	Kirkjubæjarkl  0   2 °C   °C	Hveravellir  -3   3 °C   °C

### LÉTT

	4	8	1	5				9
	6	9					5	
	2			3			7	
		6	5			8	9	
				9		6		
	1	4	7	8				5
	9			1				6
		3						
5			8		4		3	

### MIDLUNGS

			1					2	
	9	4			2	3	5		
	8			6		9			1
5	7	6				1	9		
		2			8	4			5
			3	1				7	2
7				4					
		5		7	6	3	4		

### PUNG

		1		8					
5	8	9			1				
	3	7	4				8	1	
					5				8
	7			9		1			4
		3						9	2
				5			3	6	
									9
8		1					9		2

## Krossgáta

- LÁRÉTT**  
 1 sprettur  
 2 fiskur  
 6 klaki  
 8 fjandskapur  
 10 átt  
 11 sauðagarnir  
 12 kurteisi  
 13 yndi  
 15 titill  
 17 slekja

- LÓDRÉTT**  
 1 hlíðarkast  
 2 spjalla  
 3 fjallsás  
 4 gægist  
 7 sálmabók  
 9 hlífðarflik  
 12 fordæða  
 14 skagi  
 16 klafi

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				


LÁRÉTT: 1 stök, 5 lax, 6 ís, 8 illiska, 10 na, 11 vill, 12 kurtt, 13 unun, 15 rektor, 17 slaki, LÓDRÉTT: 1 slinkur, 2 tala, 3 óxl, 4 kikir, 7 saltari, 9 svunta, 12 kukl, 14 nes, 16 ok.

## Skák Gunnar Björnsson

Kotov átti leik gegn Ragosin í Sovétríkjunum sálagu árið 1949.

**1. dxc5! Dxe5 2. cxb6! Hxc3 3. bxa7! Hxc2 4. Hxc2 1-0.**  
 Íslenska liðið endaði í 31. sæti á EM landsliða sem lauk á laugardaginn. Guðmundur Kjartansson stóð sig best. Wesley So vann öruggan sigur á Magnúsi Carlsen í úrslitaeinvigi um heimsmeistaratilinn í Fischer-slembiskák.

www.skak.is: Helgarupp-gjörið.



Hvítur á leik

7	8	3	1	2	4	9	6	5
9	1	4	5	6	8	7	2	3
2	5	6	7	9	3	4	8	1
4	2	7	9	5	1	8	3	6
8	9	5	6	3	7	1	4	2
3	6	1	4	8	2	5	7	9
1	3	9	8	7	6	2	5	4
5	7	2	3	4	9	6	1	8
6	4	8	2	1	5	3	9	7
8	4	6	2	9	5	3	1	7
1	5	2	3	6	7	8	4	9
5	8	3	4	7	9	6	2	1
2	6	4	5	1	8	9	7	3
7	1	9	6	2	3	5	8	4
6	2	5	7	3	1	4	9	8
9	3	1	8	4	2	7	6	5
4	7	8	9	5	6	1	3	2
9	2	3	1	7	5	6	8	4
4	5	6	8	9	2	7	1	3
7	1	8	3	4	6	5	9	2
3	6	9	7	1	4	8	2	5
5	4	7	9	2	8	1	3	6
2	8	1	5	6	3	4	7	9
8	7	4	2	5	9	3	6	1
1	9	5	6	3	7	2	4	8
6	3	2	4	8	1	9	5	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frade Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**ÖLL BRAUÐ Á 25% AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
 laugardaga 8.00 - 16.00  
 sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

**BJÖRNSBAKARI**  
 Sími: 561 1433

# Vonin um betri heim

**Tvær bækur koma frá Sigrúnu Eldjárn og í báðum er sterkur umhverfisverndartónn. Hún er tilnefnd til virtra verðlauna.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Sigrún Eldjárn sendir frá sér tvær barnabækur fyrir þessi jól. Önnur bókin er myndabók, Sigurfljóð í grænum hvelli, og er þriðja bókin um ofurstúlkuna sem leggur sitt af mörkum til að bjarga heiminum. Áður hafa komið út Sigurfljóð hjálpar öllum og Áfram Sigurfljóð. „Í þessari bók leysir hún úr umhverfismálum með grænu flugeðluna og ungana hennar tólf sér til aðstoðar. Þær sjá að ýmislegt hefur farið úrskeiðis í heiminum og taka þá til sinna ráða. Að endingu verður Sigurfljóð alveg bálreið og segir fólki að hætta þessari vitleysu strax! Það hljómar kannski sem alltof einföld laus en auðvitað hlýða allir henni Sigurfljóð og hennar ofurkröftum þegar hún fyllist réttlátri reiði!“ segir Sigrún.

## Övenjuleg leynivopn

Hin bókin er Kopareggið, framhald af Silfurlyklinum sem kom út í fyrra og fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barnabóka og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlanda í flokki barna- og unglingsbóka og Barnabókaverðlauna Reykjavíkur. „Silfurlykillinn gerðist í framtíðinni þegar margt það sem nú er talið sjálfsagt er ekki lengur til vegna einhverrar óheillaþróunar í heiminum. Öll sú tækni sem við treystum á í dag er ónýt og virkar ekki lengur. Einhvers staðar í leynikjallara er samt bókasafn og bækurnar virka ennþá,“ segir Sigrún.

„Í þessari nýju bók eru söguhetjurnar þær sömu og í fyrri bókinni. Það eru systkinin Sumarliði og Söldis og vinkona þeirra Karitas. En svo bætist við ungur drengur sem setur strik í reikninginn,“ segir Sigrún. „Í byrjun bókarinnar er þó nokkurs konar forleikur þar sem sagt er frá tveimur krökkum sem eru mun nær okkur í tímanum. Þegar allt stefnir í óefni skrifa þau í rauða minnisbók skilaboð til framtíðarinnar. Þau safna líka saman ýmsum hlutum sem þau vona að geti verið til gagns í framtíðinni og fela þá á góðum stað. Aðalpersónurnar finna rauðu bókina löngu seinna og reyna að fylgja vísbendingum til að finna þessa hluti. Það er því smá tímaflakk í þessari sögu.“

Kopareggið fjallar líka um stríð

**MÉR FINNST MJÖG GOTT AÐ KRAKKAR ERU AÐ VAKNA TIL MEÐVITUNDAR UM ÞAÐ HVERNIG HEIMURINN ER AÐ ÞRÓAST OG AÐ ÞAU FÁI AÐ VITA AÐ ÞAU GETI OG EIGI AÐ FARA VEL MEÐ UMHERFI SITT.**

og ásókn í heimsyfirráð. Í Silfurlyklinum kynntumst við hópi kvenna sem höfðu orðið innlyksa ofan í djúpri gjá. Í þessari bók verða þær fyrir árás og lenda í bardaga við rustana í Heiðardalnum sem leggja til atlögu við þær. Þær svara með sínum övenjulegu leynivopnum sem reynast vera dans og söngur, gleði og jákvæðni.“

## Það er alltaf von

Það er sterkur umhverfisverndartónn bæði í Koparegginu og bókinni um Sigurfljóð. „Mér finnst mjög gott að krakkar eru að vakna til meðvitundar um það hvernig heimurinn er að þróast og að þau fái að vita að þau geti og eigi að fara vel með umhverfi sitt. Ég vil hins vegar alls ekki að

þau verði hrædd og vonlaus. Ég vil sýna þeim fram á að það sé alltaf von. Vonin um betri heim er fölginn í börnunum sjálfum. Ég er bjartsýn og hef tröllatru á börnum og bókum,“ segir Sigrún.

## Glöð og stolt

Vart þarf að taka fram að Sigrún myndskreytir báðar þessar bækur eins og allar sínar bækur. Á dögum var tilkynnt að hún væri tilnefnd til hinna virtu ALMA-verðlauna, sem stofnuð voru í minningu Astrid Lindgren árið 2002. Verðlaunin eru veitt árlega einstaklingum sem skapað hafa hágæða bókmenntaefni fyrir börn og ungmenni. Sigrún er tilnefnd fyrir höfundarverk sín sem rithöfundur og myndskreytir. „Ég er óskaplega glöð og stolt að vera á þessum lista og fá að tengjast nafni átrúnaðargóðsins Astrid Lindgren,“ segir Sigrún.

Hún er nú að vinna að framhaldi Kopareggsins. „Bókin endar í algerri óvissu þannig að það er lífsnauðsynlegt að koma með framhald,“ segir Sigrún.



Karitas og Sumarliði eru söguhetjur í Koparegginu eftir Sigrúnu.



Ég er bjartsýn og hef tröllatru á börnum og bókum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Bónus réttur mánaðarins**

HATTING  
HVITLÖKS-BAGUETTER

FIÖLSK  
BOLOGNESE KJÖTSÓSA

Barilla  
SPAGHETTI n.5

**Samtals 1.555 kr.**

Bónus Bolognese Kjötsoða, 1 kg, 998 kr.  
Hatting Hvítlauksbrauð, 3 stk., 298 kr.  
Barilla Spaghettil, 1 kg, 259 kr.

**BONUS** **EKKERT BRUÐL**

## SLÁANDI ÁSTARJÁTNING TIL LANDS OG JÖKULS

Áhrifamikil bók eftir eitt af höfuðskáldum okkar, Steinunni Sigurðardóttur.

Þrungin sterkum og óvæntum náttúrumyndum.





Vilt þú vera með?



## Hvað var fyndnast á árinu 2019? Hver er skandall ársins?

Taktu upp atriði, sendu okkur fyrir 6. desember og hver veit nema að þitt atriði endi í Krakkaskaupinu 2019.

Nánari upplýsingar á [krakkaruv.is/krakkaskaup](http://krakkaruv.is/krakkaskaup)

# KRAKKARÚV

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Útsvar 2018-2019 Ísa-fjörður – Garður
- 14.10 Enn ein stöðin
- 14.35 Maður er nefndur Kristján Kristjánsson Í þessum þætti ræðir Eva Ásrún Albertsdóttir við Kristján Kristjánsson tónlistarmann og kaupmann. Kristján segir frá ætt sinni og uppruna og æskuárunum í Sandgerði. Hann segir frá tvöföldu harmóníkunni sem hann eignaðist 10 ára gamall og frá námi sínu í harmóníkuleik og klarinettuleik. Kristján ræðir um tónlistarnám sitt í New York, tónlistarferilinn og KK sextettinn sem hann stofnaði. Hann talar um Verðlistann sem hann stofnaði ásamt eiginkonu sinni og veiðibúðina Litlu fluguna sem hann rak um tíma. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
- 15.10 Út og suður
- 15.35 Af fingrum fram
- 16.15 Reimleikar
- 16.45 Silfrið
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lalli
- 18.08 Minnsti maður í heimi
- 18.09 Simon
- 18.14 Refurinn Pablo
- 18.19 Letibjörn og læmingjarnir
- 18.26 Flugskólinn
- 18.48 TRIX Emmsjé Gauti Emmsjé Gauti rappari tónlistarmaður kennir okkur 5 TRIX í tónlistargerð.
- 18.50 Krakkafréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins.
- 19.50 Menningin
- 20.05 Dýradans Heimildarþættir frá BBC þar sem dýralífsfræðingurinn Steve Backshall rýnir í hreyfingar dýra og skoðar hvernig þau nota hreyfingar sem líkjast dansi til að lifa af og laða að sér maka.
- 21.10 Aðferð Önnur þáttaröð þessara sænsku þátta um afbrotfræðinginn Inger Johanne Vik. Forseti Bandaríkjanna, Helen Tyler, hverfur meðan á heimsókn hennar til Svíþjóðar stendur og Inger Johanne Vik er fengin til að aðstoða bandarísku alríkislögregluna við rannsókn málsins. Aðalhlutverk: Melinda Kinnaman, Henrik Norlén og Greg Wise. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kehinde Wiley. Þeldökkur þokki Heimildarmynd um myndlistarmanninn Kehinde Wiley sem er þekktastur fyrir portrettmyndir sínar af bandarískum blökkumönnum. Í myndinni er Wiley fylgt eftir við undirbúning fyrstu myndaraðar sinnar af konum sem fatahönnuðurinn Riccardo Tisci hjá Givenchy-tískuhúsinu hefur hannað kjóla á að ósk Wileys.
- 23.15 Króníkan
- 00.15 Dagskrárlök

### GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Bermuda Championship Útsending frá Bermuda Championship á PGA mótaröðinni.
- 11.00 HSBC Champions Útsending frá HSBC Champions á Heims-mótaröðinni.
- 17.00 Bermuda Championship
- 20.00 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA mótunum.
- 20.55 HSBC Champions

### ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

### SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Late Late Show
- 09.30 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 The Neighborhood
- 14.15 Jane the Virgin
- 15.00 Top Chef
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Late Late Show
- 19.00 America's Funniest Home Videos
- 19.20 Speechless
- 19.45 Superstore
- 20.10 Bluff City Law
- 21.00 Hawaii Five-0
- 21.50 Seal Team
- 22.35 MacGyver
- 23.20 The Late Late Show
- 00.05 NCIS
- 00.50 FBI
- 01.35 Grand Hotel
- 02.20 Baskets
- 02.45 White Famous

### RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Flugur Junior Parker og Al Green
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Til allra átta Æpandi konur
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Þar sem kreppunni lauk 1934
- 16.00 Siðdegisfréttir
- 16.05 Hátalarinn
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Krakkavikan
- 18.50 Veðurfregni
- 18.53 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsgagan. Að breyta fjalli
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregni
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.10 The Choice
- 14.00 Sundays at Tiffanys
- 15.30 Collateral Beauty
- 17.05 The Choice
- 18.55 Sundays at Tiffanys
- 20.25 Collateral Beauty
- 22.00 Breath
- 23.55 Roman J. Israel, Esq.
- 01.55 The Few Less Men
- 03.30 Breath

### STÖÐ 2

- 08.00 Friends
- 08.20 Grey's Anatomy
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Seinfeld
- 09.50 Dýraspítalinn
- 10.20 Kórar Íslands
- 11.25 Margra barna mæður
- 11.55 Landnemarnir
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance
- 13.45 So You Think You Can Dance
- 14.30 So You Think You Can Dance
- 15.15 Nýja Ísland
- 16.25 Seinfeld
- 16.50 Friends
- 17.15 Catastrophe
- 17.45 Bold and the Beautiful
- 18.05 Nágrannar
- 18.28 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
- 18.47 Sportpakinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
- 18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
- 19.10 Um land allt
- 19.50 Grand Designs
- 20.40 Temple
- 21.25 Watchmen
- 22.20 StartUp
- 23.05 60 Minutes
- 23.50 All Rise
- 01.00 His Dark Materials
- 02.05 Blinded
- 02.50 The Deuce
- 03.50 Boardwalk Empire
- 05.00 Boardwalk Empire Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna.

### STÖÐ 3

- 19.15 The Middle
- 19.40 The Big Bang Theory
- 20.00 Friends
- 20.25 Seinfeld
- 20.50 Who Do You Think You Are?
- 21.35 It's Always Sunny in Philadelphia
- 22.00 American Horror Story 8. Apocalypse
- 22.45 The Third Eye
- 23.35 Claws
- 00.20 Flash
- 01.05 The Middle
- 01.30 The Big Bang Theory
- 01.50 Tónlist

### STÖÐ 2 SPORT

- 07.15 Roma - Napoli
- 08.55 Wigan - Swansea
- 10.35 NFL
- 12.55 NFL
- 15.15 Afturelding - KA/Þór Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
- 16.45 Afturelding - Haukar Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 18.15 Spænsku mörkin Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
- 18.45 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
- 19.15 Selfoss - Stjarnan Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
- 21.15 Seinni bylgjan
- 22.45 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
- 23.10 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni, EFL.
- 23.40 Stoke - West Brom Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

### STÖÐ 2 SPORT 2

- 19.55 Stoke - West Brom Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

# ÓLAFUR JÓHANN ER MÆTTUR!



Ólafur Jóhann Ólafsson  
Höfundur

TILBOÐSVERÐ:

5.599.-

Verð:  
6.999.-

1.

Metsölulisti  
Eymundsson  
- SKÁLDVERK -

Innflytjandinn

Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson er mögnuð skáldsaga um vegi ástarinnar og óblíð örlög, vonir manna og vonbrigði. Stórbrotin saga sem sleppir ekki lesandanum.



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 5. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



# SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði\*



## CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**145.153 kr. -179.990 kr.**



## FRIDAY

Þéttur, þægilegur og rúmgóður sófi með háu baki og góðum bakstuðningi. Tungan er færnanleg frá vinstri til hægri. Grátt Danny áklæði. Stærð: 252 x 175 x 91 cm

**145.153 kr. -179.990 kr.**



## EASY

Rúmgóður og þéttur tungusófi í dökkgráum slitgöðu áklæði. Ljósir viðarfætur. Tungan er færnanleg og getur verið beggja vegna. Stærð: 233 x 147 x 86 cm

**145.153 kr. -179.990 kr.**

\* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga  
Ísafjörður Skeiði 1



Björn Ingi vistar MH meðal annars á sérstaklega vörðum netþjóni þar sem hægt er að skoða skólann. „Þar sem það er ekki hægt að eyðileggja neitt eða þannig,“ segir Björn Ingi sem hér er settur inn á eigin tölvumynd af MH.

# Byggði MH í háskalegum Minecraft-heimi

Björn Ingi Baldvinsson er 19 ára MH-ingur sem stundar skólann bæði í raunheimum og sýndarveruleika þar sem hann hefur reist nákvæma eftirmynd Menntaskólans við Hamrahlíð í Minecraft.

**B**jörn Ingi Baldvinsson er nítján ára gamall nemandi á fjórða ári á félagsfræðibraut við Menntaskólann við Hamrahlíð þar sem hann þekkir hvern krók og kima eftir að hafa „byggt“ nákvæma eftirlíkingu af skólanum í tölvuleiknum Minecraft.

Skólabyggingin var nokkur þolinmæðisvinna enda hugaði hann að ótal smáatriðum auk þess sem segja má að hann hafi verið í lífshættu á meðan hann stóð í stafrænni byggingarvinnunni þar sem hann vann í stillingu sem gerir hann berskjaldaðan fyrir árásum annarra spilara.

„Ég var að þessu í rúmlega tvo og hálfan mánuð,“ segir Björn Ingi og bætir við að hann hafi verið að vinna í sumar. „Þannig að ég var bara að gera þetta þegar mér leiddist.“

### Kláraði grunnskólann fyrst

„Ég byggði Árbæjarskóla í fyrra en man nú ekki af hverju mér datt í hug að reisa grunnskólann minn í Minecraft,“ segir Björn Ingi þegar hann er spurður hvað varð til þess að hann réðist í það þolinmæðisverk að byggja MH. „Ég gerði það allavegana og síðan langaði mig líka að byggja MH.“

Hann segir Minecraft vera þess eðlis að stundum langi hann til þess að gera eitthvað þar en viti ekki nákvæmlega hvað. „Og þá finnst mér voða gaman að byggja eitthvað úr raunveruleikanum vegna þess að þá er maður með alveg fast plan um hvað maður ætlar sér að gera.“

### Byggt á busakorti

Björn Ingi hófst handa við smíðina í lok júlí þegar skólinn var lokaður en „það er kort af skólanum inni á heimasíðu MH sem allir busar fá og ég man eftir að hafa fengið þetta kort af báðum hæðunum,“ segir Björn Ingi sem studdist við kortið

**ÖLLUM FANNT ÞETTA ÓTRÚLEGA FLOTT OG NEMENDAFÉLAGIÐ BAÐ MEIRA AÐ SEGJA UM EINTAK AF HEIMINUM Á USB-LYKLI TIL VARÐVEISLU Í SKJALASAFNI NEMENDAFÉLAGSINS.**

til þess að allir kvarðar og hlutföll væru rétt.

### Hættuspil?

Björn Ingi lauk við byggingu MH í því sem kallað er „survival mode“ í Minecraft en það felur í sér að spilarar geta ekki athafnað sig óáreittir ólíkt „creative mode“ þar sem leikmenn eru almáttugir í leiknum og geta gert hvað sem þeim dettur í hug og notast við allt sem leikurinn býður upp á.

„Í „survival mode“ snýst þetta um að þú ert í raun leikmaður inni í heiminum og þú þarft að lifa. Sjá fyrir þér og passa að enginn komi og drepi þig,“ segir Björn Ingi og hlær þegar hann er spurður hvort hann hafi verið í „lífshættu“ við húsbygginguna. Hann gerir ekki mikið úr háskanum, truflunum og áreiti þar sem hann var kominn vel á veg í leiknum og hafði komið sér vel fyrir þar áður en hann hófst handa.

### Mikil ánægja með MH í MH

Björn Ingi segir aðspurður að stafræn eftirlíking hans af skólanum hafi strax vakið mikla athygli og ánægju innan steinsteypra veggja MH, bæði hjá nemendum og kennurum.

Hann byrjaði á að vekja athygli á þessu í Facebook-hópi nemendafélagsins sem telur um 800 manns sem létu um 300 „lækum“ rigna yfir skólabygginguna. „Öllum fannst þetta ótrúlega flott og nemendafélagið bað meira að segja um eintak af heiminum á USB-lykli til varðveislu í skjalasafni nemendafélagsins.“

Björn Ingi opnaði aðgang að skólanum á sérstökum netþjóni þar sem talsverður gestagangur hefur verið í skólanum. „Það hafa samt ekki allir tök á að fara inn á Minecraft-servera,“ segir Björn Ingi sem býður alla sem við slíkt ráða velkomna á: s21.hosthorde.com:26367.

toti@frettabladid.is



þar til hann komst inn í bygginguna sjálfa á ný.

Í kortinu eru þó eyður sem hann fyllti upp í eftir minni og lagfærði enn meira þegar skólinn byrjaði. „Þá fór ég og fullvissaði mig um að allt væri á sínum stað,“ segir Björn Ingi sem lagði reglustiku á kortið



# ÚTÍHÚT

ÞÚ FÆRÐ **CHEESY CRUST** ÞÉR  
AÐ KOSTNAÐARLAUSU!

4.-12. NÓVEMBER  
*Cheesy  
Crust*



## TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR **STÓRA PIZZU** MEÐ **TVEIMUR ÁLEGGSTEGUNDUM**  
AF MATSEÐLI Á KLASSÍSKUM BOTNI OG MEÐ CHEESY CRUST

# 1.990

Pantaðu í síma 515 1617 eða á [pizzahut.is](http://pizzahut.is)  
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði





## BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur



## Umdeilanlegt

Nú er kannabísdíól (CBD) til umræðu á Alþingi og heldur flutningsmaður frumvarpsins því fram að efnið hafi óumdeilanlegt notagildi. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er hið eina óumdeilanlega notagildi CBD að draga úr áhrifum sjaldgæfrar flogaveiki og þar þarf lækni að vera með í ráðum. Það eru reyndar visbendingar um að CBD geti hjálpað við kvíða, svefnleysi og verkjum en þetta hefur enn ekki verið staðfest á óumdeilanlegan hátt.

Vissulega er kannabísdíól ekki vímuefandi en við megum ekki gleyma því að það er framleitt úr kannabísplöntu sem skaðar heila ungs fólks. Það er því ekki hægt að líkja því saman við lýsi eða önnur fæðubótarefni sem hafa engin tengsl við svo skaðleg efni. Í Bandaríkjunum er ekkert eftirlit með innihaldi CBD-neysluvara og eru næstum 70% þeirra rangmerkt. Auk þess hefur vímu-gjafinn THC mælst oftar en ekki í fólki sem taldi sig einungis vera að neyta CBD. Hver ætlar að sjá um eftirlitið á Íslandi – enginn!

Við stöndum okkur almennt vel í lýðheilsu og hér verðum við að stiga varlega til jarðar. CBD er umdeilanlegt. Ef við viljum leyfa CBD til að meðhöndla verki, kvíða og svefnleysi, þá er skynsamlegt að setja það á markað sem lyf enda tilgangurinn að meðhöndla sjúkdómskvilla. Og í stað þess að reyna að normalisera kannabísnæyslu á Íslandi væri virðingarverðara ef umræddir þingmenn legðu þúður sitt í að auðvelda fólki aðgang að sjúkraþjálfurum, læknum og sálfræðingum til að ráðast að rótum vandans í stað þess að hvetja fólk til að deyfa sig með CBD.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk  
ON THE GO

LÍFIÐ ER GOTTERÍ

50% AFSLÁTTUR  
FIM-SUN  
GOTTERÍ

Verð áður: 1.990  
990  
KR/KG

Kvikk  
ON THE GO



Samsung

SmartThings  
öryggis-  
myndavél  
19.990 kr.



Google

Nest  
Snjallbjalla  
49.990 kr.


# Nýtt og snjallt fyrir heimilið!

Það eina sem þú þarft til að fullkomna snjallheimilið er ljósleiðari hjá Nova, hraðasta nettenging á Íslandi.



Samsung

SmartThings  
stjórnstöð  
16.990 kr.



Google

Nest Mini  
spjallhátalari  
9.990 kr.

Önnur kynslóð



Samsung

SmartThings  
hreyfiskynjari  
4.990 kr.



Google

Nest  
reykskynjari  
24.990 kr.

Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA